



# Uppgjör Landsbankans

janúar – júní 2013

---



29. ágúst 2013

## Fréttatilkynning vegna hálfis árs uppgjors Landsbankinn hagnast um 15,5 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2013

Landsbankinn hagnaðist um 15,5 milljarða króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins 2013. Hagnaður á sama tímabili árið 2012 var 11,9 milljarðar króna. Heildartekjur bankans hafa hækkað en rekstrarkostnaður lækkað, vaxtamunur hefur minnkað en þjónustutekjur hækkað á móti. Búist er við að afkoma bankans verði áfram jákvæð á árinu.

Steinþór Pálsson, bankastjóri segir um fyrri árshelming: „Rekstur Landsbankans er stöðugur og í samræmi við áætlanir. Hagnaður bankans er vel viðunandi að okkar mati og mikill árangur hefur náðst við að lækka rekstrar-kostnað. Laun og launatengd gjöld hafa lækkað og almenn rekstrargjöld sömuleiðis vegna hagræðingaraðgerða. Að teknu tilliti til verðbólgu hefur raunlækkun rekstrarkostnaðar verið 7,9%.

Fjárhagsstaða bankans er áfram traust, eiginfjárhlutfall er hátt, langt umfram kröfur FME og lausafjárstaða bankans er mjög sterk.

Landsbankinn vinnur nú að leiðréttingu á endurreikningi lána með ólögmeta gengistryggingu. Þeirri vinnu miðar vel og búast má við að leiðréttingu meirihluta bílalána sem falla undir núverandi dómafordæmi ljúki í september og að leiðréttingu lána ljúki fyrir áramót.

Samningaviðræður við LBI hf. um lengingu skuldabréfa sem Landsbankinn skuldar LBI hf. eru ekki hafnar, þó óformlegar viðræður hafi farið fram. Við vonumst til að þær hefjist fljótlega og skili tilætluðum árangri.“

## Helstu stærðir úr rekstri og efnahag

- » Hagnaður Landsbankans nam 15,5 milljörðum króna eftir skatta á fyrri hluta árs 2013, samanborið við 11,9 milljarða króna á sama tíma á árinu 2012. Þetta er hækkun um 31% milli ára.
- » Hagnaður annars ársfjórðungs er um 7,5 milljarðar króna og er það svipuð niðurstaða og var á fyrsta ársfjórðungi.
- » Hreinar vaxtatekjur námu tæpum 17 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins í samanburði við 18,6 milljarða króna á sama tímabili árið 2012.
- » Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna fer lækkandi, var 3,1% fyrstu sex mánuði ársins en 3,3% á sama tímabili árið 2012.
- » Hreinar þjónustutekjur námu 3 milljörðum króna og hafa aukist um tæplega 1 milljarð frá sama tímabili árið áður, eða um 41%.
- » Umtalsverður árangur hefur náðst við lækkun rekstrarkostnaðar í samræmi við markmið bankans. Almenn rekstrargjöld lækka um 4%, laun og tengd gjöld um 5% frá fyrra ári en sú lækkun er að frádreginni gjaldfærslu launa vegna móttöku hlutabréfa frá LBI hf. Þar sem sama fjárhæð er einnig færð til tekna í bókhaldi bankans. Að teknu tilliti til verðbólgu hefur raunlækkun rekstrarkostnaðar verið 7,9%. Markmið bankans á árinu 2013 er að raunlækkun kostnaðar verði a.m.k. 5%.
- » Kostnaðarhlutfall lækkar sömuleiðis, það var 42,1% í lok júní en hlutfallið var 44,5% á sama tíma árið 2012. Markmið bankans fyrir árið 2013 er að það sé undir 50%.
- » Stöðugildi 30. júní voru 1.165 en stöðugildum hefur fækkað um rúmlega 100 frá miðju síðasta ári.
- » Eigið fé bankans heldur áfram að hækka og er nú um 230 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) er langt umfram kröfur Fjármálaeftirlitsins, það er nú 25,9% en var 23,3% í lok júní 2012.
- » Arðsemi eigin fjár eftir skatt hækkar. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 var arðsemin 13,5% samanborið við 11,5% á sama tíma árið áður.
- » Heildareignir bankans námu 1.126 milljörðum í lok júní. Aukningin er um 4% og skýrist af aukningu innlána annars vegar og hækkun lausafjáreigna hins vegar. Bankinn hefur veitt ný útlán að fjárhæð 70 milljarðar króna á tímabilinu en vegna endurgreiðslu á öðrum lánnum og gengisbreytinga standa heildarútlán nánast í stað.
- » Lausafjárstaða bankans er mjög sterk, bæði í erlendri mynt og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfallið var 44,8% í lok júní en var 39,8% á sama tíma árið áður.
- » Gjaldeyrisjöfnuður bankans er í góðu horfi og eignir í erlendri mynt eru um 5 milljarðar króna umfram skuldir í erlendri mynt.
- » Eignir til sölu lækka áfram og hafa lækkað um 109 milljarða króna frá byrjun árs 2011, þar af 5,6 milljarða króna frá áramótum.
- » Vanskil hafa lækkað jafnt og þétt bæði hjá fyrirtækjum og heimilum og stóðu heildarvanskil í 6,2% í lok júní 2013. Um mitt ár 2012 voru vanskil 11,7% og 24% um mitt ár 2011. Markmið bankans er að ná vanskilunum undir 5% í árslok.

	H1 2013	H1 2012	2012	2011
Hagnaður eftir skatta	15.525	11.877	25.494	16.957
Arðsemi eigin fjár	13,5%	11,5%	12,0%	8,4%
Vaxtamunur / heildareignir	3,1%	3,3%	3,2%	2,9%
Kostnaðarhlutfall *	42,1%	44,5%	45,0%	40,6%
Raunlækkun rekstrarkostnaðar	-7,9%	6,5%	4,9%	13,3%
Stöðugildi	1.165	1.269	1.233	1.311
Heildareignir	1.126.094	1.048.573	1.084.787	1.135.482
Útlán til viðskiptavina	665.411	666.890	666.087	639.130
Innlán frá viðskiptavinum	448.931	440.392	421.058	443.590
Eiginfjárlutfall (CAR)	25,9%	23,3%	25,1%	21,4%
Lausafjárlutfall	44,8%	39,8%	48,4%	42,9%
Gjaldeyrisstaða	5.144	27.810	-20.035	20.034
Vanskilahlutfall (>90 daga)	6,2%	11,7%	8,3%	13,9%

\*Kostnaðarhlutfall = Rekstrargjöld alls að frátalinni gjaldfærslu vegna hlutabréfatengdra launaliða / (Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána)

## Helstu þættir í rekstri á árinu

- » Mikilvægum áfanga í uppbyggingu bankans var náð með uppgjöri Landsbankans við LBI hf. sem fól í sér útgáfu á skuldabréfi til LBI hf. að andvirði 92 milljarðar króna. Um leið lét LBI hf. af hendi öll hlutabréf sín í bankanum til ríkisins og Landsbankans.
- » Á hluthafafundi 17. júlí var samþykkt dreifing hlutabréfa í bankanum til starfsmanna samkvæmt samningi sem gerður var milli LBI hf., fjármálaráðuneytisins og Landsbankans haustið 2009.
- » Landsbankinn lauk í júní fyrstu útgáfu sinni á sértryggðum skuldabréfum og eru bréfin óverðtryggð með föstum 6,3% vöxtum til þriggja ára. Samhliða útgáfunni lækkaði Landsbankinn kjör á óverðtryggðum íbúðalánunum.
- » Í júní seldi bankinn 25% eignarhlut sinn í fasteignafélaginu Reginn hf. fyrir rúma 4 milljarða króna.
- » Nýtt bankaráð tók til starfa að loknum aðalfundi í apríl. Formaður þess er Tryggvi Pálsson.

## Helstu verkefni framundan

### Leiðrétting ólögðra gengistryggðra lána

Leiðréttingu ólögðra gengistryggðra húsnæðislána hjá Landsbankanum er að mestu lokið og unnið er að leiðréttingu annarra lána, þ.m.t. fyrirtækjalána. Leiðréttingu bílalána miðar vel áfram og voru fyrstu bréf um leiðréttingu til viðskiptavina send út í byrjun júlí. Nokkur þúsund bréf hafa þegar verið send út og búast má við að í september verði búið að leiðrétta meirihluta þeirra bílalána sem falla undir núverandi dómafordæmi. Ekki er gert ráð fyrir að leiðréttingu lána verði að fullu lokið fyrr en um næstu áramót.

### Samningur við LBI hf.

Landsbankinn hf. skuldar LBI hf. 296 milljarða króna í erlendri mynt miðað við stöðu í lok júní 2013 og hefur gefið út tvö skuldabréf vegna þess. Lokagjalddagi þeirra er árið 2018. Á öðrum ársfjórðungi 2012 greiddi Landsbankinn fyrstu fimm gjalddaga hærra skuldabréfsins fyrirfram og er næsti gjalddagi beggja bréfa á árinu 2014. Eins og fram hefur komið mun Landsbankinn þurfa að endurfjármagna erlendar skuldir sínar fyrir árið 2016 og mun því leita samninga við LBI hf. um breytingu á greiðsluskilmálum þessara lána.